

LAGANEFND LMFÍ

Nefndasvið Alþingis

nefndasvid@althingi.is

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2020

Sent með tölvupósti

151. löggjafarþing 2020-2021

Mál nr. 266

Efni: Frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Laganefnd LMFÍ hefur fengið til umsagnar frumvarp vegna 266. máls frá nefndarsviði Alþingis.¹ Laganefndin telur ekki tilefni til að skila inn efnislegri umsögn vegna frumvarpsins en óskar eftir að koma tæknilegu atriði á framfæri við nefndarsviðið.

Í frumvarpinu er fjallað um innleiðingu þriggja gerða Evrópusambandsins, þ.e. reglugerðir (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861 og (ESB) 2018/1862. Eins og vefsíðuhlekkir frumvarpsins bera með sér, þá er lesanda beint inn á upphafsíðu EEA-Lex þegar smellt er á þá.² Réttara væri að hlekkirnir vísuðu á EUR-Lex síðuna (og þá beint á sjálfar reglugerðirnar), sjá hér³, hér⁴ og hér⁵.

Ástæðan er sú að þessar gerðir eru ekki teknar upp í EES-samninginn, líkt og hefðbundar EES-gerðir, enda er Schengen-samstarfið ekki hluti af EES-samstarfinu gagnvart Íslandi.

Schengen var í upphafi byggt á milliríkjasamningi en með Amsterdam sáttmálanum (1999) voru Schengen-reglurnar teknar upp í regluverk og stofnanaramma ESB. Þó Schengen-reglugerðirnar séu þannig samdar af löggjafaryfirvöldum og stofnunum ESB, þá horfir svo við að Ísland er aðili að Schengen sem sjálfstætt ríki en ekki eingöngu sem EFTA ríki. Aðild Íslands að Schengen-samstarfinu er því ekki byggt á EES-samningnum, heldur Brussel-samningnum. Þetta sést jafnframt af því að í reglugerðunum sjálfum kemur ekki fram yfirlýsingin „Text with EEA relevance“, eins og gerir í þeim Evrópuerðum

¹ <https://www.althingi.is/altext/151/s/0295.html>.

² <https://www.efta.int/eea-lex>.

³ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32018R1860>.

⁴ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32018R1861>.

⁵ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/en/TXT/?uri=CELEX%3A32018R1862>.

LAGANEFND LMFÍ

sem verða teknar upp í EES-samninginn. Í 13. gr. Brussel samningsins (sjá t.d. frumvarp þáverandi utanríkisráðherra um 206. mál á 125. löggjafarþingi⁶) kemur fram að hann skuli ekki haggja gildi EES-samningsins sem dregur glögglega fram að þessir samningar eru sjálfstæðir, þó þeir vinni að sömu markmiðum að hluta.

Því telur laganefnd nauðsynleg að undirstrika við höfunda frumvarpsins að það er munur á þessu tvennu nátengda Evrópusamstarfi, en ýmsar skýrslur íslenskra stjórnvalda hafa fjallað um þetta málefni.⁷ Því er ekki rétt að beina lesanda þess inn á EEA-Lex upphafssíðuna, líkt og um hefðbundnar EES-gerðir væri að ræða.

Á fleiri stöðum í frumvarpinu er lesandanum vísað á upphafssíðu EEA-Lex. Það væri til margs gagnlegt í framtíðinni, þegar það er tilefni til að leiða lesandann inn á reglugerðir sem má finna á EEA-Lex, að láta slóð hlekksins leiða á sjálfa reglugerðina sem um ræðir hverju sinni, í stað upphafssíðunnar, enda litlar upplýsingar að finna á upphafssíðunni um viðkomandi reglugerð.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ



Védís Eva Guðmundsdóttir, lögmaður

⁶ <https://www.althingi.is/altext/125/s/0240.html>.

⁷ <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Schengen-skyrsla.pdf> og <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/frettir/SkyrslaEvropunefndar-.pdf>.



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2020
Tilvísun: 2020112900/PHH

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 19 nóvember 2020 um umsögn um frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (þskj. 295, 266. mál á 151. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum til að innleiða þrjár gerðir Evrópusambandsins sem falla undir Schengen-samstarfið, þ.e. reglugerðir (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861 og (ESB) 2018/1862. Auk þessa eru lagðar til breytingar miðað við ákvæði eldri laga sem er ætlað að mæta athugasemdum sem Ísland fékk í kjölfar landsúttektar á íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins árið 2017.

Persónuvernd minnir á að við alla vinnslu persónuupplýsinga þarf að hafa hliðsjón af meginreglum laga nr. 90/2018, eða eftir atvikum laga nr. 75/2019, sem m.a. lúta að því að þær persónuupplýsingar sem unnið er með hverju sinni séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Að öðru leyti telur stofnunin ekki tilefni til athugasemda.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Páll Heiðar Halldórsson



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kópavogi, 2. desember 2020
Málsnr. UTL:2020110029

Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um Schengen upplýsingakerfið á Íslandi.

Meðfylgjandi eru athugasemdir og umsögn Útlendingastofnunar eftir yfirlestur frumvarps til laga um Schengen upplýsingakerfið á Íslandi. Vakin er athygli á því að stofnunin, hefur líkt og fram kemur í frumvarpinu, komið athugasemdum á framfæri við vinnslu frumvarpsins.

Útlendingastofnun ítrekar þá athugasemd, sem komið var á framfæri við dómsmálaráðuneytið við vinnslu frumvarpsins og gerð er grein fyrir í greinargerð, að núgildandi lög um útlendinga varðandi brottvísanir og sjálfviljuga heimför eru ekki í fullu samræmi við regluverk Schengen-samstarfsins, þá sérstaklega tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. [2008/115/EB](#) um sameiginlega staðla og málsmeðferð í aðildarríkjunum varðandi endursendingu ríkisborgara þriðja ríkis sem dvelja þar ólöglega. Gerir það regluverk ráð fyrir að frestur til sjálfviljugrar heimfarar sé veittur eftir að ákvörðun um brottvísun hefur verið tekin og þannig fái viðkomandi tækifæri til þess að yfirgefa Schengen svæðið án þess að fá endurkomubann. Að núgildandi lögum um útlendinga þarf að veita þennan frest áður en ákvörðun um brottvísun er tekin. Í frumvarpinu er vísað til fyrirhugaðs frumvarps til breytinga á lögum um útlendinga og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir um þetta atriði en bendir á að þörf er á að færa núgildandi lög til betra samræmis við Schengen-regluverkið.

Að öðru leyti hefur stofnuni aðeins eina athugasemd við frumvarpið sem ekki hefur verið sett fram áður en það varðar skilgreiningu á sjálfviljugri heimför í 14. tl. 1. mgr. 2. gr frumvarpsins. Ekki er að finna nákvæma skilgreiningu á þessu hugtaki í lögum um útlendinga nr. 80/2016 en um þessa leið er fjallað í 7. mgr. 104. gr. laga um útlendinga en auk þess er að finna ákvæði í reglugerð um útlendinga þar sem fjallað er um sjálfviljuga heimför. Skilgreiningu á sjálfviljugri heimför er að finna í 8. tl. 3. gr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. [2008/115/EB](#) um sameiginlega staðla og málsmeðferð í aðildarríkjunum varðandi endursendingu ríkisborgara þriðja ríkis sem dvelja þar ólöglega. Þar er hugtakið skilgreint svo „*voluntary departure*’ means *compliance with the obligation to return within the time-limit fixed for that purpose in the return decision*“.



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Í skilgreiningu frumvarpsins er gert ráð fyrir að sjálfviljug heimför sé án aðkomu lögreglu og Útlendingastofnunar en svo er ekki alltaf tilfellið enda geta umsækjendur um alþjóðlega vernd sótt um aðstoð alþjóða fólksflutningastofnunarinnar (IOM) til Útlendingastofnunar og auk þess hefur landamærastofnun Evrópusambandsins (FRONTEX) lagt aukna áherslu á sjálfviljuga heimför sem valkost við þvingaða heimför. Æskilegra væri að skilgreiningin væri orðuð í samræmi við skilgreiningu evrópuréttarins er því lagt til að 14. tl. 1. mgr. 2. gr. orðist svo „*Einstaklingur sem yfirgefur landið sjálfviljugur samkvæmt fyrirmælum eða ákvörðun á grundvelli laga um útlendinga.*“

f.h. Útlendingastofnunar



Þorsteinn Gunnarsson